

**Nd.**

**460. Nefndarállt**

um frv. til laga um sandgræðslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutun forseta Búnaðarfjelds Íslands. Það hefir verið til athugunar í búnaðarþinginu nú fyrir skemstu og fengið eindregin meðmæli þess.

Frumvarpið er búið að vera nokkuð lengi til athugunar hjá nefndinni, og þótt það sje að miklu leyti sambljóða gildandi lögum um sandgræðslu, þá felast í því tvær breytingar, er snerta aðallega fjárframlög úr rikissjóði, og þótti nefndinni nægar ástæður til að athuga þær nákvæmlega og afla sjer viðtækra upplýsinga um málið í heild sinni áður en hún tæki endanlega ákvörðun um frv., og það því að heldur, sem vanda- og nauðsynjamálin eru æðimörg, en fjárhagur rikissjóðs og þjóðarinnar óneitanlega takmarkaður nú og í nánustu framtíð.

Önnur helsta breytingin á lögnum er sú, að rikissjóður greiði helming alls kostnaðar við sandgræðsluna, í stað  $\frac{1}{4}$  hluta af þeim kostnaði, sem er umfríam það, sem einstakir menn leggja fram. Þetta verður þó í framkvæmdinni engin breyting, vegna þess, að í raun og veru hefir þeirri reglu, sem nú er upp tekin í frv., ætið verið fylgt við skiftingu kostnaðargreiðslunnar að undanfórnu. Ákvæði frv. um þetta eru því heldur til bóta.

Hin aðalbreytingin er sú, að landsstjórninni er heimilað að taka eignarnámi land, sem uppblástur eða sandfok er á eða hætta stafar af, þegar aðrir, sem hlut eiga að máli, vilja ekki leggja í kostnað við sandgræðsluna, og þegar slíkt kæmi til framkvæmda, er ætlast til, að jafnskjótt sje byrjað á sandgræðslu á landinu.

Nefndin viðurkennir, að nauðsynlegt geti verið að taka til slíkra ráða, þegar einstakir menn, sem eignarráð hafa á landi, geta þess vegna alveg hindrað óhjákvæmilegar framkvæmdir við sandgræðsluna, annaðhvort fyrir skort á vilja eða getu til þess að eiga sinn þátt í henni. Og þótt litlar líkur sjeu til að ráðist verði í meiriháttar framkvæmdir í nánustu framtíð eftir þessari heimild og eingöngu á kostnað rikisins, þá virðist ekkert verulegt mæla á móti því, að hún sje nú þegar tekin upp í lög.

Nefndin leggur til, að gerðar verði eftirfarandi breytingar á orðaskipun frumvarpsins, og að þeim samþykktum leggur hún til, að frumvarpið nái fram að ganga.

## BREYTINGARTILLÖGUR.

1. 4. gr. orðist svo:

Kostnaður við girðingu, græðslu og viðhald foksvæðis eða sandgræðslu-svæðis skal greiddur að  $\frac{1}{2}$  úr ríkissjóði, en að  $\frac{1}{2}$  af landeiganda. Ábyrgð hlutaðeigandi hrepps eða sýslu skal fengin fyrir því, að landeigandi greiði sinn hluta af kostnaðinum jafnótt og þörf krefur, og veitist aldrei lán úr ríkissjóði til þess hluta kostnaðarins. Allur arður af girtu sandgræðslu-svæði skal ganga óskiftur til viðhalds og græðslu þess, þar til fram er farin afhending sú, er getur um í 10. grein.

2. Við 6. gr.

Niðurlag greinarinnar: »Afsali hann sjer« o. s. frv. orðist svo:

Afsali hann sjer forkaupsrjetti, skal við söluna fylgt ákvæðum laga nr. 4, 28. nóv. 1919, um forkaupsrjett á jörðum.

3. Við 11. gr.

Fyrir »er landeigandi greiðir« komi: er landeiganda bar að greiða.

5. Við 12. gr.

Fyrir »9« komi: 10.

5. Við 13. gr.

Niðurlag greinarinnar: »Skyllt er« o. s. frv. orðist svo:

Skyllt er Búnaðarfélaginu að gefa landsstjórninni árlega skýrslu um allar framkvæmdir við sandgræðsluna, viðhald hennar og árangur, svo og reikning yfir tekjur og gjöld við starfræksluna.

Alþingi, 27. apríl 1923.

Stefán Stefánsson,  
form.

Pjetur Ottesen,  
skrifari.

Pjetur Þórðarson,  
frsm.

Björn Hallsson.

Þórarinn Jónsson.